



Stúdentaráð Háskóla Íslands

FUNDARDAGSKRÁ

Stúdentaráðs Háskóla Íslands, 4. fundur

Þriðjudaginn, 25. september 2024

17:00-20:00

Háskóli Íslands, Askja, N-132

Fundarstjóri: Arent Orri Jónsson Claessen, forseti

Fundarritari: Daníel Hjörvar Guðmundsson, framkvæmdastjóri

Fundarmenn:

Agla Arnars Katrínardóttir (*án atkvæðisréttar*)

Alda María Þórðardóttir (*án atkvæðisréttar*)

Andrea Pórey Sigurðardóttir (*án atkvæðisréttar*)

Anna Sóley Jónsdóttir, *stúdentaráðsliði, Vaka*

Ármann Leifsson (*án atkvæðisréttar*)

Ásthildur Bertha Bjarkadóttir, *stúdentaráðsliði, Vaka*

Bjarki Pétursson (*án atkvæðisréttar*)

Fjóla María Sigurðardóttir (*án atkvæðisréttar*)

Gísli Snorri Rúnarsson (*án atkvæðisréttar*)

Grímur Ólafsson (*án atkvæðisréttar*)

Guðlaug Eva Albertsdóttir (*án atkvæðisréttar*)

Guðni Thorlacius (*án atkvæðisréttar*)

Gunnar Ásgrímsson, *stúdentaráðsliði, Vaka*

Ingibjörg Brynja Finnbjörnsdóttir, *varafulltrúi í Stúdentaráði, Röskva*

Ísleifur Arnórsson, *stúdentaráðsliði, Röskva*

Jóhann Almar Sigurðsson, *stúdentaráðsliði, Vaka*

Judy Yum Fong (*án atkvæðisréttar*)

Júlíus Viggó Ólafsson, *stúdentaráðsliði, Vaka*

Karen Lind Skúladóttir (*án atkvæðisréttar*)

Kjartan Leifur Sigurðsson, *varafulltrúi í Stúdentaráði, Vaka*

Kristófer Breki Halldórsson (*án atkvæðisréttar*)

Linda Rún Jónsdóttir (*án atkvæðisréttar*)
Maggi Snorrason (*án atkvæðisréttar*)
Magnús Bergmann Jónasson, *stúdentaráðsliði, Röskva*
Magnús Hallsson, *varafulltrúi í Stúdentaráði, Röskva*
Mathias Bragi Ölvisson (*án atkvæðisréttar*)
Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir (*án atkvæðisréttar*)
Patrik Lukasz Edel, *stúdentaráðsliði, Röskva*
Ragnheiður Geirsdóttir, *stúdentaráðsliði, Vaka*
Signý Rut Hermannsdóttir (*án atkvæðisréttar*)
Sigurbjörg Guðmundsdóttir (*án atkvæðisréttar*)
Silja Rún Sigurbjörnsdóttir (*án atkvæðisréttar*)
Snæfríður Blær Tindsdóttir, *varafulltrúi í Stúdentaráði, Vaka*
Styrmir Hallsson, *stúdentaráðsliði, Röskva*
Sæþór Már Hinriksson (*án atkvæðisréttar*)
Tinna Eyvindardóttir, *stúdentaráðsliði, Vaka*
Valgerður Laufey Guðmundsdóttir (*án atkvæðisréttar*)
Vésteinn Örn Pétursson (*án atkvæðisréttar*)
Viktor Pétur Finnsson (*án atkvæðisréttar*)

- I. Fundur settur kl. 17:04
Meeting Called to Order kl. 17:04
- II. Fundargerð síðasta fundar 26. ágúst 2024 borin upp til samþykktar.
Approval of the Minutes from the Meeting on August 26, 2024.

Katla vill gera athugasemd við fundargerðina. Forseti svarar að hún geti gert 100 orða athugasemd sem verður látin fylgja fundargerðinni. Ármann spyr hvar megi finna þessa

reglu um 100 orða athugasemd. Forseti segir hana vera í lögum Stúdentaráðs. (innsk. regluna má finna í c-lið 14. gr. laga Stúdentaráðs).

Katla spyr hvort það sé réttur skilningur að það sé ekki hægt að eiga við fundargerðina heldur sé bara hægt að bæta við athugasemd. Forseti staðfestir.

Fundargerð samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra vökuliða, auk atkvæðum Magnúsar Hallssonar, Patryks Edel, og Styrmis Hallssonar. Katla Ólafsdóttir og Sóley Anna Jónsdóttir kjósa gegn því að samþykkja fundargerðina, aðrir sitja hjá.

III. Ný fundarsköp kynnt.

Introduction of New Meeting Procedures.

Forseti kynnir ný fundarsköp sem fela m.a. í sér að héðan í frá megi fundarmenn ekki taka til máls nema að þeir fari upp í pontu.

Júlíus spyr hvernig því skuli háttað þegar flutningsmenn tillögu séu fleiri en einn. Forseti segir að þá geti fleiri en einn komið upp í pontu.

Katla flytur svohljóðandi bókun:

Mér þykir miður hvernig fór á síðasta fundi. Það er leiðinlegt að ekki sé hægt að ganga út frá þeim sameiginlega punkti að við störfum öll af heilindum í þágu stúdenta. Við viljum öll vinna saman til að bæta hag stúdenta, en til þess verðum við alltaf að bera gagnkvæma virðingu fyrir hvoru öðru. Ég fagna því að verið sé að taka á þessu og á hagsmunafulltrúi hrós skilið. Ég vona að fundurinn í dag og allir fundir héðan í frá geti verið á málefnalegum nótum.

IV. Kynning frá Laufinu, samstarfsaðila SHÍ í Stúdentar taka til.

Presentation from Laufið, a Partner of SHÍ in "Stúdentar taka til."

- i. Bjarki Pétursson, framkvæmdastjóri og stofnandi Laufsins, kynnir starfsemi Laufsins fyrir Stúdentaráði og aðkomu að herferð Stúdentaráðs.

Bjarki Pétursson, CEO and Founder of Laufinu, presents the operations of Laufinu to the Student Council and its involvement in the Student Council's campaign.

Bjarki kynnir Laufið og UFS - mál almennt. Kynnir einnig stuttlega herferðina «Stúdentar taka til» sem tengist UFS málum hjá þeim fyrirtækjum sem stúdentar versla hvað mest við.

- ii. Að lokinni kynningu mun Bjarki svara spurningum.

Following the presentation, Bjarki will respond to questions.

Guðni þakkar Bjarka fyrir kynninguna. Hann spyr hvers eðlis samstarf aðila, hvort að SHÍ sé að leggja fjármagn til verkefnisins og loks hvort einhver hagsmunatengsl séu á milli fyrirtækisins og SHÍ. Forseti svarar því að aðilar séu klárlega að skoða samstarf. Verkefnið sé ekki þess eðlis að fyrirtæki séu neydd til að nota Laufið, heldur geti þau notað sín eigin UFS kerfi. Hluti verkefnisins sé þó að Laufið bjóði fyrirtækjum aðgang að lausn sinni endurgjaldslaust í ákveðinn tíma. Forseti segir

Það ekki standa til eins og er en nefnir að í herferðum í gegnum tíðina hafi SHÍ lagt til háar fjárhæðir. Nefnir að í samningi SHÍ við Landsbankann sé ákvæði sem veitir SHÍ aðgang að auglýsingastofu endurgjaldslaust vegna herferða. Forseti segir að auðvitað séu hagsmunatengsl þar sem að Bjarki sé pabbi Ásthildar Berthu, en forseti telur það ekki koma að sök.

Judy spyr hvað Bjarki átti við þegar hann sagði í kynningunni að lítil fyrirtæki “sitji föst.” Bjarki segir að lítil fyrirtæki hafi oft minna bolmagn til að kynna sér UFS mál og því eigi þau oft erfitt með að byrja slíka vegferð.

Ármann spyr hvernig þessum málum sé háttað hjá Háskóla Íslands. Forseti svarar að háskólinn taki þátt í grænu skrefunum.

Judy bætir því við að verkfræðingar sem hún þekkir segi það verra að slökkva alltaf á ljósum.

V. **Tillaga um endurskoðun á skilgreiningu félaga sem starfa innan háskólans.**
Proposal for a Review of the Definition of Organizations Operating Within the University.

Flutningsmaður: Sigurbjörg Guðmundsdóttir, varaforseti.

TILLAGA

um endurskoðun á skilgreiningu félaga sem starfa innan háskólans

Undirrituð leggur til að Stúdentaráð noti eftirfarandi skilgreiningar framleiðis; nemendafélög eru félög sem starfa í þágu nemenda og eru afmörkuð við deild innan háskólans, hagsmunafélög eru félög sem hafa þann tilgang að standa vörð um hagsmuni nemenda háskólans, tiltekna eða almennt, önnur félög eru félög sem falla hvorki undir nemendafélög né hagsmunafélög eða félög þar sem félagsmenn eru ekki afmarkaðir við nemendur Háskóla Íslands.

Forseti minnir á að ekki séu allir með málfrelsi á stúdentaráðsfundum og tiltekur hverjir það eru sem mega taka til máls almennt.

Sigurbjörg kynnir tillögu sína. Segir þetta eyða vafa um hvað séu nemendafélög og hvað sé það ekki. Tillagan gengur því út á taka upp þrískiptingu í þessum efnunum og verði félög flokkuð sem nemendafélög, hagsmunafélög, eða önnur félög.

Katla ber uppi tillögu um að opna mælendaskrá fyrir þennan lið.

Tillaga um að opna mælendaskrá er samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra röskvuliða en aðrir sitja hjá.

Katla spyr hvort að tillagan ætti ekki frekar að vera lagabreytingartillaga. Sigurbjörg segir að hún telji ekki þörf á því, þetta sé frekar viðmið fyrir SHÍ.

Guðni spyr hvort þetta sé verklagsregla og hvernig sé ákveðið hvaða félög eiga að falla í hvaða flokk. Spyr hvort að tillagan viðkomi Stúdentasjóði og hvort þetta sé ekki nægilega

skýrt eins og er. Forseti svarar og segir það óþarfi að þessi tillaga sé lagabreyting. Bætir við að hann skilji tillöguna þannig að Stúdentaráð sé að samþykkja að skilgreina félög með tilteknum hætti. Hann lýsir aðdraganda málsins sem er að félögum fjölgi ört og tilgangur þeirra mis-göfugur. Tekur sem dæmi einnig að við skólann séu fjögur mismunandi kristileg félög. Það sé tilefni til að gera það ljóst hvað séu nemendafélög og hvaða félög séu annars eðlis. Sigurbjörg bætir við að tillagan sé hugsuð fyrir hana og hvernig hún nálgast skilgreiningu félaga innan háskólans. Segir að tillagan sé ekki tengd Stúdentasjóði en stjórn sjóðsins geti vitaskuld haft hliðsjón af flokkuninni.

Kosið um tillöguna.

Tillagan er samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra vökuliða auk Patryks Edel og Styrmis Hallssonar, aðrir sitja hjá.

VI. Tillaga um takmörkun ábyrgðar vegna októberfest.

Proposal to Limit Liability Concerning Octoberfest.

Flutningsmaður: Arent Orri Jónsson Claessen, forseti

TILLAGA

um takmörkun ábyrgðar Stúdentaráðs vegna októberfest

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð stofni sérstakt félag utan um rekstur hátíðarinnar októberfest til að fyrirbyggja að rekstur Stúdentaráðs muni nokkurn tíma verða hætt vegna hátíðarhalda. Í stjórn félagsins væru þeir sömu og í stjórn Stúdentaráðs, forseti yrði stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Stúdentaráðs yrði jafnframt framkvæmdastjóri nýja félagsins.

Forseti segir að Októberfest SHÍ hafi gengið vonum framár. Engin ofbeldisatvik hafi átt sér stað. Telur að fólk hafi skemmt sér vel á hátíðinni. Setur fyrirvara við nákvæma krónutölu en skv. áætlunum sé hátíðin að skila SHÍ ca. 30 milljónum króna. Samanborið við tæpar 6 milljónir króna í fyrra, rúmar 3 milljónir króna árið 2022, og 28 þúsund krónur árið 2018. Segir þetta koma til með að styrkja baráttu og sjálfstæði félagsins. Forseti segir að þetta sé hátíð sem geti vel staðið undir sér.

Forseti kynnir efni tillögunnar. Þar ber helst að nefna að félagið muni vera alfarið í eigu SHÍ, stjórn félagsins sé sú sama og stjórn SHÍ, og að framkvæmdastjóri félagsins sé framkvæmdastjóri SHÍ.

Katla spyr hvort að samþykktir eða verklagsreglur vegna félagsins liggi fyrir og hvort að félagið væri tekjuskattsskyld og þar með hlytist auka kostnaður. Forseti svarar því að SHÍ sé ekki undanþegin tekjuskatti, hann hafi a.m.k. gert ráð fyrir því að borga skatt af hagnaði

félagsins. Hann geri þá ráð fyrir því að fyrirmyndir frá Skattinum verði notaðar við gerð samþykktu félagsins og að það gæti verið í höndum stjórnar SHÍ.

Mathias spyr hvort félagið verði einkahluthafafélag og hvort að SHÍ gæti selt félagið. Tekur undir með Kötlu að betra væri ef samþykktir félagsins lægu fyrir.

Styrmir spyr hver ábyrgð stjórnenda félagsins væri ef ske kynni að einhver lögbrot yrðu framin við rekstur félagsins.

Ísleifur spyr hvort stjórnarmenn í félaginu gætu sagt sig úr henni. Hann bendir á að sviðsráðsforsetar þurfi að sinna ýmsum skyldum og því væri þessi stjórnarseta mögulega að leggja of mikið álag á herðar þeirra. Bætir við að hann sé persónulega ekki spenntur fyrir stjórnarsetu í félaginu.

Júlíus tekur undir tillöguna og segir hana skref í rétta átt. Segir hátíðina hafa verið mjög góða og ítrekar þá miklu búbot sem hagnaður hátíðarinnar er fyrir framtíðarstörf SHÍ.

Jóhann hrósar þeim sem komu að hátíðinni. Hann spyr um hvernig eignarhaldi á hátíðinni verði háttað, þ.e. að SHÍ eigi hátíðina en félagið sjái um framkvæmd hennar.

Katla flytur svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Röskvu telja það ótímabært að tillaga um stofnun sérstaks félags í kringum Októberfest sé til afgreiðslu. Tillögunni fylgja ekki drög að samþykktum eða verklagsreglum fyrirhugaðs félags. Því liggur ekki fyrir með vissu hver ábyrgð Stúdentaráðs væri gagnvart félaginu, hvernig staðið yrði að fjárhagi þess, bókhaldi og endurskoðun. Ennfremur er ekki vitað hvernig stjórn þess yrði skipuð og hvaða ábyrgð stjórnarmenn bæru, eða umfang starfseminnar, hvort henni yrði allri útvistað eða starfsfólk ráðið inn. Einnig liggur ekki fyrir hvernig upplýsingamiðlun til Stúdentaráðs yrði háttað. Þetta eru atriði sem verða að liggja fyrir. Stofnun á félagi af þessu tagi getur fylgt fastur kostnaður: alla jafna laun til, framkvæmdastjóra, auk þess sem félagið yrði tekjuskattskyld ólíkt Stúdentaráði. Ekki má gleyma að því fylgir rík ábyrgð að sitja sem stjórnarmaður í félagi og dómstólar fara ekki í nein manngreinaralit þar.

Fulltrúar Röskvu binda vonir við að framkvæmd Októberfest í ár hafi haft lítil ef engin áhrif á rekstur Stúdentaráðs. Það afsakar hins vegar ekki ógagnsæ og óvönduð vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð af hálfu Vöku. Af öllu framangreindu telur Röskva

að tillagan sé ekki nægilega vel ígrunduð og allar forsendur skortir til þess að unnt sé að greiða um hana atkvæði. Gögn sem við teljum að vanti enn eru

Hvaðan 8.000.000 kr. komu sem Paxal voru greiddar vegna riftunar á samningi.

Fyrirkomulag á ráðningu samskiptafultrúa og laun viðkomandi.

Hvort aðrir utan starfsfólks skrifstofu Stúdentaráðs hafi fengið greitt fyrir aðkomu sína að skipulagi hátíðarinnar.

Hve mikla vinnu starfsmenn skrifstofunnar þurftu að taka á sig vegna hátíðarinnar, hvernig greitt var fyrir þau störf og hvernig það bitnaði á öðrum störfum skrifstofunnar.

Hvaða samningar voru gerðir í kringum hátíðina, hvenær, við hverja og hvert innihald þeirra er.

Hvort óformleg samkomulög hafi verið gerð við samstarfsaðila, t.a.m. munnlegir samningar, tölvupóstsamskipti eða annars konar samtöl í síma eða raunheimum.

Mathias flytur svohljóðandi bókun:

Undirrituð telja að fulltrúar Vöku hafi staðið óvarlega að riftun samningsins við Paxal vegna Októberfest. Forseti Stúdentaráðs, í umboði Vöku, sendi riftunarkröfu fyrir hönd ráðsins með tölvupósti 18. júlí, án þess að Stúdentaráð væri haft með í ráðum og án þess að lögum og reglum Stúdentaráðs væri fylgt. Telja verður óeðlilegt að forseti fallist síðan á 8 milljóna króna sáttargreiðslu fyrir fé stúdenta og geri tilraun til eftiráskýringa á lokuðum fundi nærri þremur vikum síðar, 6. ágúst.

Frá upphafi starfsárs hafa fulltrúar Vöku ekki talið sig bundna af gildandi lögum og reglum Stúdentaráðs, þar sem þau voru sett þegar fulltrúar Röskvu voru á skrifstofu ráðsins. Í því samhengi hafa þeir borið fyrir sig að vera ekki skyldugir til að virða umræddan samstarfssamning. Undirrituð hafna því að samningi við Paxal, sem hefur skipulagt hátíðina síðastliðinn áratug, hafi verið rift á réttmætum forsendum.

Því skal haldið til haga að samningurinn tryggði Stúdentaráði tekjur af hátíðinni (ákveðna prósentu) og kom í veg fyrir að ráðið tæki á sig tap ef illa gengi. Svo ekki sé minnst á að Paxal hefur eftir bestu getu mætt óskum Stúdentaráðs í gegnum árin um aðgengi og öryggi nemenda, hóflegt miðaverð og stækkun hátíðarinnar með tilfallandi áhættu, svo eitthvað sé nefnt.

Það er með ólíkindum að fulltrúar Vöku standi að því að orðspor Stúdentaráðs sem samningsaðili litist af afbrigðilegum viðskiptaháttum. Fulltrúum Röskvu er fyrirmanað að skilja að Vaka leyfi sér, í forsvari hagsmunasamtaka, að bruðla á þennan hátt með fé þeirra sem þau eiga að þjónusta samkvæmt lögum, verklagi og stefnu Stúdentaráðs og ekki síður í samræmi við ákvæði samnings Stúdentaráðs og Háskóla Íslands.

Hæfni Vöku til að fara með fjármuni Stúdentaráðs er dregin í efa. Rétt er að rifja upp að fjárhagsstaða Stúdentaráðs var í verulegri óreglu þegar Röskva tók við 2017, eftir 8 ára stjórnartíð Vöku. Hvorki ársreikningum né ársskýrslum var skilað frá 2014 og varð að láta gera ársreikninga afturvirkir. Þá kom í ljós að samanlagður hallarekstur Stúdentaráðs var um 10,4 milljónir króna fyrir tímabilið 2015 til 2017. Ráðist var í umfangsmikla innheimtu á gömlum kröfum sem gleymst hafði að innheimta eða verið

ranglega færðar til bókar. Þannig tókst Röskvu að rétta úr kútnum, og síðar byggja sterka stöðu handbærs fjár og setja á fót varasjóð.

Fulltrúar Röskvu líta alvarlegum augum á að fulltrúar Vöku fari aftur óskynsamlega með fé stúdenta, taki óábyrgar ákvarðanir sem komi illa við rekstur Stúdentaráðs og virði lög að vettugi, umleið og þeir taka við stjórnartaumunum. Það sýnir skort á fagmennsku sem er hvorki hagsmunum stúdenta né stúdentahreyfingunni til framdráttar.

Árman bendir á að það þurfi að gera ráð fyrir sáttargreiðslu þegar talað er um hagnað af hátíðinni. Hann spyr um fyrirkomulag hluthafafunda, hvort allir stúdentar séu eiginlegir hluthafar, hvort að Stúdentaráð eitt geti tekið ákvarðanir varðandi félagið eða t.a.m. skrifstofan, segir að of mörgum spurningum sé ósvarað.

Júlíus leggur fram tillögu um að opna mælendaskrá.

Kosið um tillöguna.

Tillagan er samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra vökuliða auk atkvæðum Ísleifs Arnórssonar og Patryks Edel. Sóley Anna Jónsdóttir kys gegn tillögunni og aðrir sitja hjá.

Júlíus segir að honum sé misboðið. Hann segir að í bókuninni séu rangfærslur varðandi kosningu um riftunarmálið í stjórn SHÍ. Hann spyr hvort það sé ekki réttur skilningur að stjórn SHÍ hafi kosið einróma um riftun. Spyr hvort að Mathias sé móttfallinn niðurstöðum fulltrúa Röskvu í stjórn SHÍ. Segir að það sé augljóst að hátíðin hafi farið mjög vel. Segir að Katla hafi farið ranglega með staðreyndir í viðtali um Heimildina, þ.e.a.s. að hún hafi sagt að fulltrúar Röskvu hafi setið hjá í atkvæðagreiðslu um riftun á umræddum samningi, sem sé ekki rétt. Ítrekar að honum sé misboðið og segir bókunina vera gríðarleg óvirðingu.

Viktor Pétur segist ekki skilja hvað sé að eiga sér stað. Hann segir það góða hugmynd að stofna félag um rekstur hátíðarinnar. Hann segir að það sé verið að reyna að finna lausn á vandamáli og segir viðbrögð röskvuliða vera mislestur. Að það sé verið að reyna að opna á umræðu um að stofna félag. Hann segist vona að allir starfi af heilindum. Hann segir það skjóta skökku við hvað sé mikið talað um fyrrum verktaka. Segir það einnig einkennilegt að segjast ekki treysta vöku fyrir fjárhagi SHÍ með hliðsjón af hagnaði hátíðarinnar. Hann grunar að það séu einhver tengsl á milli Röskvu og fyrrum verktaka. Ítrekar að honum finnist þetta skrítið og lýsir yfir vonbrigðum sínum. Bendir á að ýmislegt sé hægt að gera við svona mikinn pening. Segir að það ætti að einbeita sér að því að berjast fyrir hagsmunum stúdenta en ekki fyrirtækja út í bæ.

Mathias segir að gagnrýni hans sé ekki persónuleg heldur beinist hún að vinnubrögðum Vöku, hann bendir á að það komi skýrt fram í lögum Stúdentaráðs að það sé ráðið sem fari með æðstu völd um málefni þess. Hann vill líka á rétta það að hátíðin sé í eðli sínu áhætturekstur, ítrekar að það þurfi fleiri gögn um málefni félagsins og bætir við að SHÍ eigi ekki að standa í áhætturekstri.

Andrea Þórey lýsir yfir miklum vonbrigðum með andann á fundinum, segir að vökuliðar bregðist illa við gagnrýni, n.tt. að þeir rífast frekar en að nálgast hana á málefnalegan hátt. Auk þess að þeir hafi sjálfir komið með rangfærslur. Loks segir hún að vökuliðar séu með

svipbrigði og hlæi að röskvuliðum sem sé fáránlegt. Hún ítrekar að allir séu hér til að vinna saman.

Katla segir að röskvuliðar séu ekki á móti hugmyndinni um stofnun félags en geti ekki samþykkt hana í núverandi mynd. Hún ítrekar að æðstu völd í SHÍ fari Stúdentaráðið sjálft með og að aðeins hafi verið kosið um riftun á vettvangi stjórnar SHÍ. Varðandi það sem kom fram í Heimildinni þá áréttaði hún að stjórn hafi kosið um riftun og hafnar því að hafa sagt það sem Júlíus sagði hana hafa sagt. Segir að Röskva sé ekki með nein tengsl við fyrrum verktaka heldur leggi áherslu á ábyrg vinnubrögð og að samningum sé ekki rift ólöglega enda hefði félagið geta lent í dómsmáli sem sé grafalvarlegt. Þá segir hún að bókanir séu mikilvægar til að þau geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri.

Gunnar segist óánægður með þá tónbreytingu sem eigi sér stað á fundinum, segir það áhugavert að í bókun sé verið að grafa upp gömul mál til að koma höggi á vökuliða, en að þau komi honum ekki við. Segist hafa blöskrað bókun Mathiasar og hafi farið að hlæja enda hafi bókunin verið hlægileg. Segist skynja að röskvuliðar treysti ekki stjórn SHÍ, og spyr hvort að röskvuliðar treysti ekki eigin fulltrúum í stjórn SHÍ. Hann segir það vera hlutverk stjórnar að taka ákvarðanir sem þessar enda taki tíma að fá Stúdentaráð saman. Honum þykir leitt að vökuliðar séu sakaðir um skítkast þegar þeir séu að verja sig.

Ísleifur tekur undir þau sjónarmið að mikilvægt sé að ræða þetta mál vel. Hann segir að honum finnist þetta vera flott hugmynd, að stofna félag um rekstur hátíðarinnar, en engu að síður sé þetta svo stór ákvörðun að varasamt sé að samþykkja tillöguna í núverandi mynd, enda eru ýmis atriði sem ekki liggja fyrir. Honum finnst mikilvægt að þessi hugmynd sé tekin aftur upp á stúdentaráðsfundi síðar. Að lokum segir hann að honum þyki leiðinlegt hvernig tónninn á fundinum hefur breyst og að fundarmenn hafi gerst sekir um að vera ómálefnalegir.

Ármann segir það skjóta skökku við að vökuliðar sem segjast vilja bæta andann á fundum bregðist svona við bókun og komi með samsæriskenningar um tengsl Röskvu við fyrrum verktaka hátíðarinnar. Hann segir það ljóst að nú sé Stúdentaráð komið í áhætturekstur og tillögunni sé ætlað að takmarka þá áhættu. Hann segir þó skorta upplýsingar varðandi félagið, t.a.m. samþykktir eða lög. Hann segir þetta óljóst og þó hugmyndin sé ekki slæm þá liggja ekki nægilega mikið fyrir. Hann segir ásakanir um að Katla hafi logið í viðtali við blaðamann halda engu vatni, og segir að Júlíus eigi sjálfur að vita hvernig blaðamenn geta verið. Hann segir röskvuliða hafa setið hjá í atkvæðagreiðslu um sáttargreiðsluna vegna þess að þau voru ósátt með atburðarásina í aðdraganda þess máls. Það hafi legið málefnalegar ástæður að baki riftuninni en þau hafi verið ósátt með hvernig hafi verið staðið að málinu. Þau hafi ekki viljað stefna hagsmunum Stúdentaráðs í hættu og því setið hjá. Hann segir það eðlilegt að kalla skrifstofu Stúdentaráðs til ábyrgðar, enda vinni þar sjö vökuliðar á launum sem greidd eru með opinberu fjármagni, þeirra á meðal er oddviti Vöku í Stúdentaráði sem Ármann setur athugasemd við. Hann er ósammála því að þessar aðfinnslur séu persónulegar eða geti talist skítkast. Hann segir tónninn og viðkvæmni vökuliða vera óþolandi og vera til þess fallið að fæla fólk frá störfum Stúdentaráðs.

Judy tekur til máls og segist ekki kunna að meta Röskvu lengur. Hún segist hafa unnið í þágu Röskvu í þrjú ár og á þeim tíma skipulagt viðburði með þeim. Hún segir að fulltrúar Huldumáls og tölvuleikjaklúbbsins hafi ekki fengið þá virðingu sem þeir eiga skilið. Hún segir að hjá Hugvísindasviði hafi hún getað fengið aðstoð. Þá segir hún að skrifstofa Stúdentaráðs í meirihlutatið Röskvu hafi ekki getað aðstoðað hana með þau vandamál sem hún glímur við. Hún segist glíma við persónuleg vandamál sem hún hafi reynt að fá aðstoð

við á mörgum stöðum en ekki fengið hjálp nema frá núverandi skrifstofu Stúdentaráðs. Hún segir að Röskva sé ekki í takt við núverandi gildi.

Forseti segir það hafa verið mistök að setja sig aftast á mælendaskrá og ætlað að svara öllu í lokin, en hann muni gera tilraun til þess. Hann tekur undir það sem Andrea sagði og Viktor Pétur að hluta til og ítrekar að við séum fullorðið fólk. Hann segist eiga í góðu sambandi við flesta fundarmenn alls staðar nema þegar gengið er inn á fundi Stúdentaráðs, hann spyr hvers vegna það sé. Hann veltir því upp hvort að fólki finnist eins og það þurfi að láta á tiltekinn máta þegar það situr fundi. Hann segir marga liði vera eftir og mögulega þurfi að fresta einhverjum liðum. Hann ítrekar að öllum sé frjálst að koma með bókanir og að sama skapi segja það sem þeim finnst.

Mathias spurði áðan hvort hægt væri að selja félagið. Forseti svarar því játandi, það sé auðvitað hægt, en það sé algjörlega hægt að fyrirbyggja það í samþykktum félagsins.

Forseti skilur áhyggjur fundarmanna varðandi samþykktirnar en ítrekar að Stúdentaráð myndi eiga félagið að öllu leyti.

Varðandi hluthafafundi sem Ármann spurði um þá væru Stúdentaráðsfundir í rauninni hluthafafundir. Stúdentaráð myndi setja félaginu samþykktir.

Hann segir það ekki mega gleymast í umræðunni að hátíðin gekk í alla staði mjög vel. Ekki bara varðandi peninga heldur urðu engin atvik eða slys á fólki. Alvarlegasta atvikið hafi verið leigubílstjóri að fljúga dróna yfir hátíðarsvæðið. Hann segir Stúdentaráð koma vel út úr hátíðinni fjárhagslega og siðferðislega. Þá sé það alltaf möguleiki einhver fari í mál við Stúdentaráð.

Ísleifur spurði áður hvort að hægt væri að segja sig úr stjórn félagsins, forseti svarar því játandi.

Hann tekur fram að stúdentar séu eigendur félagsins en Stúdentaráð fari með eignarhlutinn í umboði stúdenta.

Hann segir þá gagnrýni um að tillagan sé ótímabær eigi rétt á sér en það sé samt sem áður tímabært að hefja þetta ferli.

Þá bætir hann við að hann geti ekki svarað öllum spurningum þar sem þær hafi verið svo margar. Fundarmenn geti borið þær fram aftur síðar. Hann segist ósammála Júlíusi að það sé óvirðing fólgin í því að koma með bókanir. Hann telur sig þó vita að þegar gengið sé út verði ekki sami tónn í Mathiasi og var í þeirri bókun sem hann bar fram áðan.

Þá segir hann að það sé óþarfi að reyna að fela tengsl Röskvu við fyrrum verktaka Októberfest. Umrætt fyrirtæki sé bara með einn starfsmann og sá starfmaður hafi tekið þátt

í stúdentapólitík fyrir hönd Röskvu og sé þar að auki vinur fyrirverandi forseta Stúdentaráðs. Hann segir tengslin vera til staðar en þau skipti engu máli í þessari umræðu.

Hann ítrekar að stjórn hafi ákveðið að rifta þessum samningi, og því sé það ekki vökuliðar sem ákváðu það. Þá rifjar hann upp að þessi atburðarás átti sér stað um hásumar og því hefði verið erfitt að kalla saman Stúdentaráð.

Forseti segist ekki trúa því að Katla hafi viljandi sagt rangt frá í viðtali við Heimildinni heldur sé mun líklegra að blaðamaður hafi haft rangt eftir henni.

Forseti bætir því við að lokum að þetta mál verði tekið fyrir síðar varðandi frekari útfærslur.

Kosið um tillöguna.

Tillagan er samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra vökuliða. Katla Ólafsdóttir og Sóley Anna Jónsdóttir kjósa gegn tillögunni og aðrir sitja hjá.

VII. Fundarhlé 18:35 – 18:45.

Intermission from 18:35-18:45.

Forseti leggur til að færa fundarhlé framan við næsta lið. Auk þess leggur hann til að færa framkvæmdaráætlanir nefnda fram og taka þær fyrir strax að loknu fundarhléi.

Kosið um þá tillögu og hún einróma samþykkt.

VIII. Framkvæmdaáætlun fjölskyldunefndar kynnt.

Presentation of the Action Plan of the Family Committee.

Flutningsmaður: Karen Lind Skúladóttir, forseti fjölskyldunefndar

Karen kynnir framkvæmdaáætlun fjölskyldunefndar SHÍ.

Forseti fer stuttlega yfir þýðingu framkvæmdaáætlana og hvernig sé unnið eftir þeim.

Kosið um framkvæmdaáætlun fjölskyldunefndar. Einróma samþykkt.

IX. Framkvæmdaáætlun fjármála- og atvinnulífsnefndar kynnt.

Presentation of the Action Plan of the Finance and Employment Committee.

Flutningsmaður: Signý Rut Hermannsdóttir, forseti fjármála- og atvinnulífsnefndar.

Signý kynnir framkvæmdaáætlun fjármála- og atvinnulífsnefndar.

Guðni bendir á innsláttarvillu í framkvæmdaáætluninni. Signý segist ætla að laga villuna.

Kosið um framkvæmdaáætlun fjármála- og atvinnulífsnefndar. Einróma samþykkt.

X. Framkvæmdaáætlun félagslífs- og menningarnefndar kynnt.

Presentation of the Action Plan of the Social and Cultural Committee.

Flutningsmaður: Kristófer Breki Halldórsson, forseti félagslífs- og menningarnefndar.

Kristófer kynnir framkvæmdaáætlun félagslífs- og menningarnefndar.

Forseti segir frá því að umfjöllun um HÍ – HR daginn megi finna á vefsíðu Stúdentafrétta.

Kosið um framkvæmdaáætlun félagslífs- og menningarnefndar. Einróma samþykkt.

XI. Framkvæmdaáætlun jafnréttisnefndar kynnt.

Presentation of the Action Plan of the Equality Committee.

Flutningsmaður: Valgerður Laufey Guðmundsdóttir, hagsmunafulltrúi.

Valgerður kynnir framkvæmdaáætlun jafnréttisnefndar.

Vésteinn bendir á að Hugrún – Geðfræðslufélag sé ekki lengur starfandi.

Andrea hrósar framkvæmdaáætluninni en bendir á að heppilegra sé að nota orðalagið „notast við hjólastól“ en ekki „bundinn við hjólastól“, Valgerður þakkar henni ábendinguna.

Framkvæmdastjóri segir að hann og Vésteinn ætli að ganga til Akraness.

Kosið um framkvæmdaáætlun jafnréttisnefndar. Einróma samþykkt.

XII. Tillaga um stöðumat á líðan nemenda.

Proposal for an Assessment of Student Well-being.

Flutningsmaður: Mathias Bragi Ölvísson og Guðlaug Eva Albertsdóttir, varafulltrúar í Stúdentaráði.

TILLAGA

um að SHÍ framkvæmi reglulega stöðumat á líðan nemenda

Undirrituð leggja til að SHÍ framkvæmi stöðumat á liðan háskólanema á hið minnsta þriggja ára fresti ásamt því að afla upplýsinga um viðhorf og áhrif sálfræðiþjónustu NHÍ.

Guðlaug og Mathias kynna efni tillögunnar. Hún segir að tillagan hafi komið til þegar þau voru að skoða sálfræðiþjónustuna sem stendur til boða við Háskóla Íslands, þau hafi þá komist að því að ekki séu til nægileg gögn um þessi atriði.

Ragnheiður hrósar tillögunni.

Styrmir segir það sé hægt að leita aðstoðar hjá félagsfræðingum, þeir búi yfir sérþekkingu í þessum málum.

Kosið um tillöguna og hún einróma samþykkt.

XIII. Tillaga um skráningu á vinnu skrifstofu Stúdentaráðs *Proposal for the Registration of the Work of the Student Council Office.*

Flutningsmaður: Júlíus Viggó Ólafsson, menntasjóðsfulltrúi,
stúdentaráðsliði og oddviti Vöku.

TILLAGA

um skráningu á vinnu skrifstofu Stúdentaráðs.

Skrifstofa stúdentaráðs skal taka saman fréttabréf í lok hvers mánaðar sem verður gert aðgengilegt á sameiginlegu drifi stúdentaráðsliða sem og öllum stúdentum HÍ á skrifstofu SHÍ. Í fréttabréfinu skal koma fram hverju skrifstofan hefur áorkað á liðnum mánuði og vinnustundir starfsmanna skrifstofunnar.

Júlíus vill nýta tækifærið og gera upp þá umræðu sem átti sér stað undir tillögunni um takmörkun ábyrgðar vegna Októberfest. Júlíus biður Kötlu afsökunar á orðum hans um að hún hafi farið með rangt mál í viðtali við fjölmiðla. Hann segir að fólk megi koma sjónarmiðum sínum á framfæri en þó þau sjónarmið komi fram í formi bókunar séu þau samt sem áður yfirlýsingar og ef hjólað er í manninn þá sé eðlilegt að fólki misbjóði. Hann segir að ef fólk slær frá sér þurfi það að búast við viðbrögðum.

Hann rifjar upp afdrif tillögu sem var svipuð að efni en felld af vökuliðum á fyrri fundi Stúdentaráðs. Hann segir tillöguna byggða á góðum grunni og í göfugum tilgangi en vegna útfærslu hennar hafi vökuliðar ekki séð sér fært að samþykkja hana.

Katla segir að tillagan hafi ekki verið unnin í samráði við hana, hún leggur fram bókun:

Fulltrúar Röskvu í Stúdentaráði gera athugasemd við afgreiðslu Vöku í meirihluta Stúdentaráðs á umræddri tillögu. Röskva lagði fram tillögu um skráningu vinnustunda starfsmanna skrifstofu Stúdentaráðs á síðasta fundi ráðsins og sú tillaga var felld, og ýjað að því að tillagan væri lögð fram í vondri trú. Nú er sama tillaga flutt af hálfu Vöku í örlítið breyttri mynd. Farsælt hefði verið að samþykkja tillögu Röskvu með breytingartillögu í stað þess að fella hana með látum. Hins vegar fagnar Röskva því að

Vaka taki góðum hugmyndum Röskvuliða til sín þó fulltrúar fylkingarinnar eignir sér þær. Röskva hvetur fulltrúa Vöku til að halda áfram að taka vel í hugmyndir frá Röskvu og mun Röskva halda áfram að leggja fram góðar tillögur þrátt fyrir viðbrögð eins og þau sem birtust á síðasta fundi.

Gunnar Ásgrímsson segist hafa lesið þá tillögu sem röskvuliðar báru fram á fyrri fundi og verið óviss með hana sökum útfærsluatriða. Hann segir rökstuðning röskvuliða hafa verið góðan. Hann segir að flestir ættu að geta sætt sig við efni þessarar tillögu.

Júlíus er ósammála því að þetta sé sama tillaga og röskvuliðar báru áður fram. Hann rifjar upp umræðuna sem átti sér stað á þeim fundi. Hann segist hafa vonast til þess að tillagan hefði verið lögð fram sem sameiginleg tillaga en það hafi ekki orðið. Þá hafi hann borið tillöguna undir Kötlu.

Kosið um tillöguna.

Tillagan er samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna nema Sóleyjar Önnu Jónsdóttur sem situr hjá.

XIV. Tillaga um vatns- og kaffivélar.

Proposal on the Installation of Water and Coffee Machines.

Flutningsmaður: Ragnheiður Geirsdóttir, forseti Sviðsráðs Félagsvísindasviðs og stúdentaráðsliði.

TILLAGA

um vatns og kaffivélar

Undirrituð leggur það til að skrifstofa stúdentaráðs komi því í farveg að fjölgað verði vatnsvélum og kaffisjálfsölum á Háskólasvæðinu.

Ragnheiður kynnir tillöguna.

Kosið um tillöguna. Einróma samþykkt.

XV. Tillaga um aukið aðgengi að sálfræðiþjónustu.

Proposal to Increase Access to Psychological Services.

Flutningsmaður: Mathias Bragi Ölvisson og Guðlaug Eva Albertsdóttir.

TILLAGA

um aukið aðgengi að sálfræðiþjónustu

Undirrituð leggja til að SHÍ beiti sér fyrir að þrýsta á Háskóla Íslands (HÍ) og Nemendabjónustu HÍ (NHÍ) til þess að auka aðgengi að sálfræðibjónustu t.d. með að ráða fleiri sálfræðinga og auðvelda bókunarferlið.

Mathias og Guðlaug kynna tillöguna.

Mathias segir það flott að sjá aðgerðir sama efnis í framkvæmdaáætlun jafnréttisnefndar.

Júlíus hrósar tillögunni og telur að hún verði samþykkt.

Mathias þakkar stuðning og segir efni hennar vera sér hjartans mál.

Forseti þakkar Mathiasi fyrir.

Kosið um tillöguna. Einróma samþykkt.

XVI. Tillaga um að Stúdentaráð beiti sér fyrir upptöku samgöngukorts.

Proposal for the Student Council to Advocate for the Adoption of a Transportation Card.

Flutningsmaður: Guðni Thorlacius, nefndarmeðlimur umhverfis- og samgöngunefndar og Katla Ólafsdóttir, oddviti Röskvu og stúdentaráðsliði.

TILLAGA

um að Stúdentaráð beiti sér fyrir upptöku samgöngukorts

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð Háskóla Íslands skori á háskólayfirvöld að bæta aðgengi stúdenta að almenningsamgöngum samhliða gjaldtöku á bílastæðum skólans. Stúdentaráð skal minna HÍ á fyrri viljayfirlýsingar skólans til stúdenta varðandi mótvægisáðgerðir vegna gjaldtöku á bílastæðum. Stúdentaráð skal skora á HÍ að veita stúdentum samgöngukort að erlendri fyrirmynd, héðan í frá kallað U-passi (e. University Pass) á viðráðanlegu verði, í þessu korti skal felast afsláttur í almenningsamgöngur, deilibíla, rafskútur og aðra umhverfisvæna samgöngumáta. Undirrituð leggja til að stjórn Stúdentaráðs boði sameiginlegan fund með Rektor, fulltrúum framkvæmda- og tæknisviðs HÍ og Strætó, og að fulltrúum HÍ sé gert að greina frá því hvers vegna hætt var við innleiðingu á U-passa. Eftir fundinn skal stjórn Stúdentaráðs birta Stúdentaráði greinargerð af fundinum, og skal greinargerðin vera gerð aðgengileg öllum stúdentum á vefsíðu ráðsins.

Guðni kynnir tillöguna.

Kosið um tillöguna. Einróma samþykkt.

XVII. Tillaga um að bæta Eduroam og nettengingu innan skólans

Proposal for improving Eduroam and the Internet Services at the University.

Flutningsmaður: Katla Ólafsdóttir og Kristín Fríða Sigurborgardóttir, forseti sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og stúdentaráðsliði.

TILLAGA

Um að bæta Eduroam og nettengingu innan skólans

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að skólinn bæti nettenginguna innan skólans sem stendur stúdentum til boða.

Katla kynnir efni tillögunnar.

Ólöf Soffía segir að Háskóli Íslands sé í viðskiptum við Vodafone og það sé hægt að bæta netið.

Framkvæmdastjóri segist hafa verið í stúdentapólitík í tvö ár og þetta sé besta tillaga sem hann hefur séð á þeim tíma.

Kjartan hrósar tillögunni og segir þetta þarfaping.

Jóhann Almar hrósar tillögunni. Hann segir að það sé möguleg útfærsla að færa routera utandyra til að bæta nettengingu. Þá stingur hann upp á því að Stúdentaráð verði með „speed-dating“ svo stúdentaráðsliðar geti kynnst betur.

Katla þakkar fyrir góðar viðtökur.

Kosið um tillöguna. Einróma samþykkt.

XVIII. Bókfærð mál og tilkynningar.

Recorded Matters and Announcements

- i. Staðfesting á skipun 3 fulltrúa Röskvu í Háskólaþing.
Confirmation of the Appointment of 3 Röskva Representatives to the University Assembly.

Fulltrúar Röskvu í Háskólaþing eru eftirfarandi:

Aðalfulltrúar: Katla Ólafsdóttir, Ísleifur Arnórsson, og Kristín Fríða Sigurborgardóttir

Varafultrúar: Mathias Bragi Ölvisson, Magnús Bergmann Jónasson, og Styrmir Hallsson.

Kosið um skipun fulltrúa. Einróma samþykkt.

ii. Nýr forseti umhverfis- og samgöngunefndar.

Election of a New President for the Environment and Transportation Committee.

Jóhann Almar segir af sér forsæti í umhverfis- og samgöngunefnd. Ásdís Rán Kolbeinsdóttir gefur kost á sér.

Kosið um forsæti í umhverfis og skipulagsnefnd. Samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna nema Kötlu Ólafsdóttur sem situr hjá.

iii. Nýr forseti sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs.

Election of a New President of the School Council of the School of Health Sciences.

Tinna Eyvindardóttir segir af sér forsæti í sviðsráði Heilbrigðisvísindasviðs. Eiríkur Kúld Viktorsson gefur kost á sér.

Kosið um forsæti í sviðsráði Heilbrigðisvísindasviðs. Samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna nema Kötlu Ólafsdóttur og Sóleyjar Önnu Jónsdóttur sem sitja hjá.

iv. Staðfesting á kjöri nýrra fulltrúa í stúdentaráði.

Confirmation of the Election of New Representatives to the Student Council.

Bjarni Hjaltason segir af sér sem varafulltrúi og í hans stað kemur Diljá Valsdóttir.

Styrmir Hallsson verður aðalfulltrúi og Guðlaug Eva Albertsdóttir verður varafulltrúi.

Kosið um þessar skipanir. Einróma samþykkt.

XIX. Önnur mál.

Guðni flytur bókun.

Í 100 orða athugasemd kom Röskva fram sínum athugasemdum um fundargerð síðasta fundar. Rangfærslur er þess eðlis að við teljum eðlilegt að bóka frekar um eðli og uppruna þeirra.

Framkvæmdastjóri sem ber ábyrgð á fundargerðinni er fagraðinn og á að sjá til þess að hún sé rétt frásögn frá atvikum fundar.

Ef um rangfærslur er að ræða þá eru þetta slæm vinnubrögð sem vert er að gagnrýna. Þá er það fráleitt að fundargerðin hafa komið 3 tímum fyrir fund inn í skjöl yfir þau gögn sem eru aðgengileg stúdentaráðsliðum. Sérstaklega í ljósi þess að Stúdentaráð samþykkti tillögu á síðast um að gæta skuli að góður fyrirvari sé hafður að leiðarljósi í starfi þess.

Ef um vísitandi breytingar á fundargerð er að ræða er málið alvarlegra. Þær rangfærslur og gloppur sem eru í fundargerðinni eru einkum hentugar skrifstofu Stúdentaráðs 2024-25 og greinilega ætlaðar til fegurðar á framkomu Vökuliða á síðasta fundi. Oddviti Vöku

Í Stúdentaráði er starfandi lánasjóðsfulltrúi og því er Réttindaskrifstofa SHÍ og Stúdentaráð ekki aðskilið. Hvorug stofnun innan SHÍ getur veitt hinni aðhald að raunverulegu leyti og ekki er hægt að treysta á einhvers hlutleysis sé gætt.

Röskva skorar á Réttindaskrifstofu SHÍ og sérstaklega framkvæmdarstjóra félagsins að bæta sín vinnubrögð og láta þetta ekki koma fyrir aftur.

Guðni Thorlacius.

Forseti skýrir frá því að þó svo að oddviti Vöku starfi á skrifstofu Stúdentaráðs fái hann ekki að sjá fundargerðir eða koma að þeim. Þá sé ástæða fyrir seinkun fundargerðar útlandaferð framkvæmdastjóra. Tekur undir að þetta séu ekki góð vinnubrögð og að komið verði í veg fyrir að þetta endurtaki sig.

Um liði II., V. – VII., IX. – XIII., XV. – XIX. fer fram atkvæðagreiðsla.

I.	Fundur settur	17:00 – 17:05
II.	Fundargerð fundar þann 26. ágúst 2024 borin upp til samþykktar	17:05 – 17:10
III.	Ný fundarsköp kynnt	17:05 – 17:10
IV.	Kynning frá Laufinu	17:10 – 17:30
V.	Tillaga um endurskoðun á skilgreiningu félaga sem starfa innan háskólans	17:30 – 17:40
VI.	Tillaga um takmörkun ábyrgðar vegna októberfest	17:40 – 17:50
VII.	Tillaga um stöðumat á líðan nemenda	17:50 – 18:00
VIII.	Fundarhlé	18:00 – 18:10
IX.	Tillaga um skráningu á vinnu skrifstofu Stúdentaráðs	18:10 – 18:20
X.	Framkvæmdaáætlun fjölskyldunefndar	18:20 – 18:30
XI.	Framkvæmdaáætlun fjármála- og atvinnulífsnefndar	18:30 – 18:40
XII.	Framkvæmdaáætlun félagslífs- og menningarnefndar	18:40 – 18:50
XIII.	Framkvæmdaáætlun jafnréttisnefndar	18:50 – 19:00
XIV.	Fundarhlé	19:00 – 19:10
XV.	Tillaga um vatns- og kaffivélar	19:10 – 19:20
XVI.	Tillaga um aukið aðgengi að sálfræðipjónustu	19:20 – 19:30
XVII.	Tillaga um að Stúdentaráð beiti sér fyrir upptöku samgöngukorts	19:30 – 19:40
XVIII.	Tillaga um að bæta Eduroam og nettengingu innan skólans	19:40 – 19:50
XIX.	Bókfærð mál og tilkynningar	19:50 – 20:00
XX.	Önnur mál	19:50 – 20:00